

AUGLÝSING

um breyting á gjaldskrá fyrir Rafveitu Siglufjarðar, nr. 165 9. ágúst 1965.

Töluliðir 1, 2, 3 og upphaf 5. liðar í I. kafla gjaldskrárinnar orðist svo:

1. Lýsing.

- 1.1 Um kwst.mæli á 580 aura hverja kwst.
- 1.2 Um kwst.mæli á 290 aura hverja kwst., auk fastagjalds af gólfleti í rúmi því, er lýsa skal, og reiknast fastagjald þannig:
 - a) fyrir verzlaniir, vinnustofur, skrifstofur 170 aura á m² á mánuði,
 - b) fyrir geymslur, ganga, verbúðir 85 aura á m² á mánuði.

2. Almenn heimilisnotkun.

- 2.1 Um kwst.mæli á 130 aura hverja kwst., auk fastagjalds af gólfleti, er nemi 85 aurum af m² af gólfleti íbúðarinnar. Við ákvörðun á gólfleti íbúðar reiknast öll íveruherbergi, eldhús, gangar og baðherbergi, en ekki geymslur og þvottahús. Íveruherbergi, sem um stundarsakir standa auð, eða eru notuð sem geymslur, skal reikna sem íbúðarherbergi. Tekið skal tillit til, ef um súðarherbergi eða þ. u. l. er að ræða.
- 2.2 Til heimila, sjúkrahúsa, skóla, gisti- og veitingahúsa má selja raforku til suðu á 150 aura hverja kwst., enda séu suðutæki fasttengd og öll önnur notkun seld eftir liðum 11 eða 12.

3. Vélanotkun.

- 3.1 Um kwst.mæli á 2.90 aura hverja kwst.
- 3.2 Um afl- og orkumæla (mesta aflsmæla) þannig reiknað:
 - 3.21 Aflgjald: Kr. 1360.00 á kw. á ári.
 - 3.22 Orkugjald: 45 aurar á kwst. af allri notkun.
- 3.3 Ef um mikla orkunotkun er að ræða, svo sem til frystihúsa, og kaupandinn skuldbindur sig að kaupa 20 000 kwst. á ári hið minnsta, má selja orkuna um kwst.mæli þannig:
 - Fyrir fyrstu 20 000 kwst. ársnotkun 150 aura á kwst.
 - Fyrir næstu 30 000 kwst. ársnotkun 120 aura á kwst.
 - Fyrir næstu 50 000 kwst. ársnotkun 100 aura á kwst.
 - Fyrir umfram 100 000 kwst. ársnotkun 90 aura á kwst.

5. Önnur raforkunotkun.

- 5.1 Til nota um vinnulagnir við byggingar meðan á byggingu stendur um kwst.mæli á 290 aura hverja kwst.
- 5.2 Til götu- og hafnarlýsingar um kwst.mæli á 210 aura hverja kwst.

Gjaldskrárbreyting þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júlí 1923 og raforkulögum nr. 12 2. apríl 1946, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnumálaráðuneytið, 31. maí 1966.

Ingólfur Jónsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.